

Leikskólinn Hvammur



Viðbrögð við vá

Rýmingaráætlun hangir uppi á hverri deild og skal fara eftir henni við rýmingu húsnæðisins. Brunaæfingar skulu haldnar að minnsta kosti tvisvar á ári. Hver hópur kemur sér upp stað þar sem skal hittast og bíða þess að allir koma. Önnur æfingin er ætluð öllum samtímis en hin er í höndum hvers hópstjóra. Ekkert mælir gegn því að fleiri en tvær brunaæfingar fari fram á ári.

Hver hópstjóri heldur utan um sinn hóp og sér um að æfing fari fram.

Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um brunaæfingar.

Starfsfólk er minnt á að bregðast ávalt við brunabjöllum!

Hvenær eru börnin á okkar ábyrgð

Börnin eru á okkar ábyrgð um leið og þau eru komin í hús og þar til þau hafa yfirgefið leikskólann.

Skólaskrifstofa hefur gefið út „Fyrstu viðbrögð“ sameiginlega fyrir alla leikskóla Hafnarfjarðar og er þeim bætt hér inn í handbókina skáletruð.

Rýmingaráætlun leikskólans Hvamms

Þegar brunabjallan fer í gang...

- Leikskólastjóri eða staðgengill hans fer og athugar hvaðan boðin koma ásamt starfsfólki eldhúss.
- Kennarar kalla börnin í röð og undirbúa flóttu á því svæði sem þeir eru staddir. Fara í fataklefa og klæða í skó ef enginn sýnilegur eldur er, bíða við útgöngudyr þar til boð koma um ástæðu hringingar. Örugg fumlaustrýming.
- Ef ekki er hægt að fara út um fataklefa skal fara með börnin út um þar til gerða neyðarútganga á deildum.

- Hver kennari fer með sinn hóp á fyrirfram ákveðinn stað á útisvæðinu þar er gengið úr skugga um að öll börnin í hópnum séu komin út nafnakall (muna að taka kladda með) láta foreldra vita.

Kennarar munið að festa ykkur stað úti til að hittast á!!!!